



VERKFUNDARGERÐ

Verkheiti Lagning ljósleiðara í Borgarbyggð		Verkkaupi Borgarbyggð		Verknúmer
Fundarefni Ræsifundur með verktaka		Fundarstaður Blöndubakki 9		Nr. fundar #1
Fundarboðari Guðmundur Danielsson	Fundarritari Guðmundur Danielsson	Fundardags. 14/08/2019	Fundartími 15:00	Dags. Fundarg. 14/08/2019
Fundarmenn Börkur Brynjarsson (BB) Guðmundur Danielsson (GD) Gunnlaugur A. Júlíusson (GJ) Sigurjón Hallvarðsson (SH) Skarphéðinn Hilbert Ingason (SI) Sævar Geir Hallvarðsson (SGH)		Fyrirtæki SH- Leiðarinn ehf Borgarbyggð Borgarbyggð SH-Leiðarinn ehf Heflun ehf SH-Leiðarinn ehf		
Fjarverandi		Fyrirtæki		
Dreifing Fundarmenn		Fyrirtæki		
Dagskrá Fundar Skv fundarboði		Dagsetning næsta fundar 28/08/2019	Tími næsta fundar 9:30	
Staða fundargerðar <input type="checkbox"/> Í vinnslu <input checked="" type="checkbox"/> Drög til yfirlestrar <input checked="" type="checkbox"/> Lokið				

Nr.	Dagskrárlíðir	Ábyrgð / lags.
1.	Verkfundir og fundagerð GD stakk upp á að verkfundir yrðu alla jafna á tveggja vikna fresti út verktímann. Fundargerðir verða sendar fundarmönnum eftir verkfundi til yfirlestrar og þær samþykktar endanlega með undirritun á verkfundi. GD sagði frá því að samþykktar verkfundargerðir verði gerða opinberar á vef verkefnisins. Verktakar mótmæltu birtingu fundargerða, einkum ef fram koma tölulegar upplýsingar svo sem vegna uppgjörsmála eða ágreiningur um einingagerð. GD tók fram að tölulegar upplýsingar í tengslum við uppgjör áfanga komu alla jafna ekki fram í verkfundargerðum enda væri samþykktarferli við uppgjör áfanga óháð tímasetningu verkfunda. Viðkvæmar upplýsingar sem varða hagsmuni aðila verða ekki birtar.	
2.	Umsjón verkkaupa GD er tengiliður og umsjónaraðili verkefnisins fyrir hönd verkkaupa og upplýsir sveitarstjóra.	
3.	Umsjón verktaka BB er tengiliður og umsjónaraðili verktaka. Fundarboðun verktaka á verkfundi verða send á BB, SI, SH og SGH.	
4.	Undirverktakar Verktaki hefur ekki í hyggju að ráða undirverktaka að verkinu.	
5.	Tryggingar og öryggisráðstafanir Verktaki hefur kynnt sér þær tryggingar og öryggisráðstafanir sem útboðsgögn kveða á um og gerir ekki athugasemdir við þær og uppfyllir þær, að eigin sögn að fullu.	



E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

6. Athafnarsvæði	Athafnarsvæði verksins afmarkast af sveitarfélagsmörkum Borgarbyggðar. SH og SI eru að kenna hvar hægt er að geyma efni og hafa vinnu og svefnaðstöðu og að þeirra sögn má búast við að staðsetning þeirrar aðstöðu hnikist til eftir því hvar verið er að vinna hverju sinni.	
7. Vinnutími	SH sagði að verktakar á vegum SH-Leiðarans myndu vinna frá mánudegi til fimmtudags frá 8:00 til 22:00. SI sagði að starfsmenn Heflunar myndu vinna mánudaga til laugardaga frá 8:00 til 17:00. Umræða varð um vinnutíma og mikilvægi þess að vinna við verkið tæki mið af því að unnið væri inni á og við heimili að hluta og mikilvægt að taka tillit til þess gagnvart íbúum.	
8. Mannaflí, tæki	Tækjabúnaður við verkefnið er skv. tækjaskrá sem fylgdi tilboði. Starfsmenn við verkið á hverjum tíma verða á bilinu 10 til 14 á vegum verktaka.	
9. Veðurfar	Rætt var um hugsanlega verkstöðvun vegna veðurs og þá einkum kulda. Í verkáætlun er gert ráð fyrir verkstöðvun frá og með viku 49 (2019) til og með viku 9 (2020). Þó er ekki markmið að stöðva vinnu á þessum tíma að sögn verktaka og ef veður leifar verður unnið þennan tíma. Í vikum 51 og 52 (2019) og viku 1 (2020) verður þó vinna stöðvuð óháð veðri.	
10. Verkáætlun	Verktaki lagði fram verkáætlun merkta „Verkáætlun_11_7_2019“ sem kynnt var byggðarráði Borgarbyggðar. Lögð er áhersla á að uppröðun verkáfanga getur færst til m.a. vegna veðurs og annarra aðstæðna. GD lagði áherslu á mikilvægi verkáætlunar enda fer undirbúningur fram skv. áætluninni. Markmiðið er að 2-3 áfangar verði tilbúnir í umsóknar og hönnunarferli á hverjum tíma og því mikilvægt að verktaki komi óskum um breytingar á uppröðun áfanga tímanlega til umfjöllunar hjá verkkaupa.	
12. Hönnunargögn – breytingar.	Farið var yfir þau rör sem nú þegar hafa verið lögð í jörðu, m.a. samhliða lagningu rafstrengja RARIK og staðsetningu þeirra á korti. Leitast verður við að koma strengjum í þau rör sem fyrst, einkum þar sem slík notkun leiðir til þess að notendur geti tengst við kerfismiðju í beinu framhaldi. Tengimiðja verður að Kleppjárnsreykjum og hefst verkið á þeim slóðum. GD bauð verktaka að fá legu lagna á myndrænu formi í stað GPS skrár eins og kveðið er á um í útboðsgönum. SI/SI ihuga málid og tilkynna hvort þeir þiggja boðið. BB óskaði eftir að fá uppfærða kerfismynd af kerfinu.	SH SI GD
13. Efni, framlag verkkaupa	GD sagði frá efni sem verkkaupi hefur keypt og er til reiðu. Óskað verður eftir því, eftir atvikum, að verktaki sæki efnið og komi á verkstað. Efni verður pantað í samræmi við verkáætlun verktaka og verður það afhent á þeim stöðum sem verktaki tiltekur á ver�fundum.	
14. Aukaverk	Með ferð aukaverka fer skv. grein 6.10.3 í útboðsgönum og verktaki hefur kynnt sér.	
15. Reikningar	GD fór yfir fyrirkomulag og meðferð reikninga í samræmi við grein 6.10.5 í útboðsgönum. Samþykktarferlið er á þann veg að eftirlitsaðili yfirfer magnþolur í samræmi við dagskýrslur. Ef við á kemur hann athugasemdir til verktaka. Eftir að eftirlitsaðili hefur samþykkt, fyrir sitt leiti reikning fyrir tiltekkinn, fullfrágenginn áfanga eins og kveðið er á um í útboðsgönum fer reikningur til GD til endanlegrar samþykktar og greiðslu. SH spurðist fyrir um hversu langan tíma greiðsluferlið	GD GJ



E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

	<p>tæki hjá Borgarbyggð. GJ taldi að það væri stutt ferli. BB bar upp ósk verktaka á breytingu á greiðsluflæði á þann veg að í stað þess að hver fullfrágenginn áfangi yrði gerður upp myndi verktaki leggja fram framvindureikninga á 14 daga fresti. Meginrök fyrir þessari aðferð væri að greiðsluflæði yrði jafnara og að mati BB ætti niðurstaða á kostnaði við verkið að vera sú sama. Einnig er það mat BB að ef veðurfar er ekki að leifa eðlilega framvindu áfanga og verktaki þarf að stoppa þá væri hægt að fara í undirbúning í öðrum áföngum sem ekki eru veðurháðir og myndi þá flýta verkinu. Ekki veðurháðir verkliðir eru til dæmis fleygum, undirrekstur, uppsetning á tengimiðjum o.fl. Ef um áfangaskiptingu væri að ræða myndi plæging stoppa ef tafir eru í blæstri. Þar sem verkið er stórt telur BB hagstæðara fyrir verkið að hafa 14 daga framvindu reikninga bæði fyrir verkkaupa og verktaka þar sem það mun skapa betra flæði í verkinu og minni hætta á verkstoppi ef upp koma vandamál. Þetta bíður líka upp á að verktaki sé sjáanlegri á fleiri stöðum í sveitarféluginu. GD og GJ taka þessa tillögu til athugunar og svara verktaka með niðurstöðuna. Til vara, og ef þessi tillaga yrði ekki samþykkt, stakk SH upp á því að verkaföngum yrði fjölgað til að jafna greiðsluflæðið.</p>
16	<h3>Mælingar</h3> <p>Mælingar eru í samræmi við grein 4.3.5 í útboðsgögnum og 1.5.3 í verklýsingu og verktaki hefur kynnt sér.</p>
17	<h3>Úttektir</h3> <p>Úttekt á verkinu fer fram í samræmi við kafla 4.3.8 í útboðsgögnum. Auk þess stakk BB upp á að leitast væri við að yfirfara hvern áfanga fyrir sig í verklok áfangans svo að lagfæra megi þar sem þörf er á og er sjáanlegt sem fyrst. GJ og GD tóku undir betta. Í kafla 4.1.4 í útboðsgögnum er að hluta til gert ráð fyrir þessu og að eftir verklok hvers áfanga verði vinna við áfangann rýnd með það fyrir augum bæta það sem betur má fara og gera.</p>
18	<h3>Kröfur</h3> <p>Aðilar gera ekki aðrar kröfur en þær sem fram koma í fundargerð þessari.</p>
19	<h3>Tafabætur</h3> <p>SH og SI minntust á að í útboðsgögnum væri gert ráð fyrir verklokum 15. desember 2020 og því væri ósanngjarnt miðað við seinkun á upphafi verks að sú dagsetning stæði óhreyfð. GJ fór yfir ástæður þess að verkið drægist fram á árið 2021 sem m.a. má rekja til breytinga á úthlutunarreglum Fjarskiptasjóðs á milli áranna 2018 og 2019 þegar útboðsgögn voru unnin. GD taldi eðlilegt að verklok tækju mið af verkáætlun verktaka sem kynnt hefur verið byggðaráði, þ.e. að verklok verði eigi síðar en í viku 34 árið 2021. Tillaga samþykkt af fundarmönnum. Hvað aðra þætti varðar er gerð grein fyrir tafarbótum og meðferð þeirra í kafla 6.10.4 í útboðsgögnum.</p>
20	<h3>Nýir samningar</h3> <p>SI lagði fram samning á milli SH Leiðarans ehf og Heflunar ehf þar sem m.a. verkaskipting aðila er tilgreind. Aðrir samningar ekki tilgreindir.</p>
22	<h3>Jarðvinna</h3> <p>BB spurðist fyrir um lágmarks dýpt lagna. GD fór yfir það að reynsla verktaka og mat þeirra og eftirlitsaðila hverju sinni væri nauðsynleg til þess að ákvarða dýpt. Undantekning væri bó í ræktuðu landi og landi sem ætla má að verði ræktað, þar þyrfti dýpt að vera nægjanleg svo að landeigandi geti óhindrað og án vandkvæða unnið yfirborðsvinnu á sínu landi.</p>
26	<h3>Tímavinna</h3>

SGH

A

GJ

SY

3

SI

Útgáfa nr. 1.0

BB



E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

	Um tímavinnuverk er fjallað í kafla 1.11 í verklýsingu og hafa aðilar kynnt sér fyrirkomulagið og ferli. GD óskaði eftir því að ef til tímavinnu kemur, sem ekki er getið um í kafla 1.11 verði slíkt borið upp við eftirlitsmann áður en vinna fer fram.	
28. Annað	GD óskaði eftir því að verktaki skili inn lista yfir þá starfsmenn sem vinna við verkið, þ.e. þá sem ætla má að verði og hafa umboð verktaka til að vera í samskiptum við fulltrúa verkkaupa. Sl spurðist fyrir um tengiliði veitufyrirtækja og annarra sem ætla má að þurfi að vera í samskiptum við. GJ og GD taka saman þau nöfn sem þeir þekkja og vita af og senda verktaka.	GJ GD SH SI


Samþykki verktaka


SVEITARSTJÓRAN
BORGARBYGGÐ
Samþykki verkkaupa